

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Kubbur ehf  
kt. 660606-1650

Starfsstöð: Nesbraut 10, 730 Reyðarfirði  
Fastanúmer: 228-6040

Leyfið gildir frá 22. maí 2026 til 22. maí 2038

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- móttökustöð úrgangs
- verkstæðisaðstaða

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Kubbur ehf., kt. 660606-1650

Starfsstöð: Nesbraut 10, 730 Reyðarfirði

Fastanúmer: 228-6040

Leyfið gildir frá 22. maí 2026 til 22. maí 2038

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **móttökustöð úrgangs**
- **verkstæðisaðstaða**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 9. apríl 2026.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olímengun frá starfsemi á landi m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br.*

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag.

# SKILYRÐI SEM GILDA FYRIR STARFSEMINA

## 1. Lýsing á starfseminni

---

Um er að ræða móttökustöð fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangsefna allt að 950 tonnum á ári. Tekið er við úrgangi sem rekstraraðili safnar og flytur. Einnig er um að ræða viðgerðaraðstöðu fyrir minniháttar viðgerðir á bílum og tækjum rekstraraðila.

### 1.1. Umfang starfseminnar

Magn úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist.

Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti:

#### a) Móttökustöð

Móttökustöð starfstöðvar fer fram í lokuðu rými og þar er úrgangur meðhöndlaður af starfsfólki. Heimilt er að taka við hættulitlum, almennum úrgangi til flokkunar, forvinnslu, umhleðslu, pökkunar og geymslu. Meðhöndlun úrgangs skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgagns og reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og -nýtingu úrgangs eins og kostur er. Frá móttökustöð fer úrgangurinn til förgunar eða endurnotkunar og endurnýtingar.

#### b) Verkstæðisaðstaða

Í verkstæðisaðstöðu fara fram minniháttar viðgerðir á bílum og tækjum rekstraraðila. Einnig verða þrif á tækjum og bílum rekstraraðila.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, fylgiskjal 1.*
- *Starfsskilyrði fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur, fylgiskjal 2*

## 2. Móttaka úrgangs

---

### Á móttökustöðunni er heimilt að taka á móti og meðhöndla:

- Allan hættulítinn, almennan úrgang sem ekki flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- Förgun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er óheimil.
- Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem sendur er til endurnotkunar, endurnýtingar, endurvinnslu eða förgunar. Þegar vart verður við spilliefni í úrgangi í móttökustöðinni skal þeim safnað sér og skilað til spilliefnamóttöku sem leyfi hefur til móttöku. Rekstraraðili skal hafa verklagslýsingu sem tryggir rétta meðferð spilliefna.

## 3. Mengunarvarnir

---

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

### 3.1. Mengunarvarnir fráveitu - skólp

Fráveita frá salerni og niðurföllum (öðrum en þeim sem leidd eru til olíuskilju) er leidd í fráveitu sveitarfélagsins. Óheimilt er að losa spilliefni, olíufni eða efnavöru í fráveitu.

### **3.2. Mengunarvarnir fráveitu - olúskilja**

Olúskilja skal vera á fráveitu þar sem vinna með olíur fer fram, þ.e. gólfi og vöskum í vinnusal áður en lagnir sameinast skólplögn. Sama gildir um þrær eða plön undir olútanka, einnig úrgangsolútank. Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olúskilju og taka sýni úr frárennslinu. Allar nýjar olúskiljur skulu útbúnar sjálfvikrum viðvörunarbúnaði og lokunarþúnaði ef olúrymi í skiljunni er innan við 150 sinnum nafnstærð skiljunnar. Hönnun og notkun olúskilja skal vera í samræmi við staðla ÍST EN 858 og leiðbeiningar Umhverfis -og orkustofnunnar.

Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúgildru.

Hafa skal reglubundið eftirlit með olúskilju og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Allt eftirlit og þjónusta á mengunarvarnabúnaði skal skráð í gögn um innra eftirlit starfstöðvar.

Olúskiljur og sandskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi.

Aðstaða skal vera til að taka sýni af frárennslisvatni úr olúskiljum.

#### **3.2.1. Sýnataka af fráveituvatni frá olúskilju**

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd þessara mælinga. Rekstraraðili skal framkvæma mælingar á frárennslisvatni olúskilju reglulega. Tíðni sýnatöku skal gera í samráð við Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess a sýni sé tekið af fráveituvatni frá olúskiljum starfstöðvar.

Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og einnig skráðar í gögn um innra eftirlit fyrirtækisins. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm (mg/L) af olíu í fráveituvatni frá skiljunni.

Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykktir.

### **3.3. Mengunarvarnabúnaður**

Mengunarvarnabúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum.

### **3.4. Loft, ryk og hávaði**

Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfsemi.

Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum fyrir atvinnustarfsemi sem tilgreind eru í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að ónæði eða heilsuspillandi áhrif verði af völdum lyktar eða mengunar.

Rekstraraðili skal hafa tiltækan búnað til að draga úr lyktarónæði, s.s. vökva með lyktareyðandi efnum, ef lykt frá starfsemi veldur ónæði og kvartanir berast.

### **3.5. Lóð og umhverfi**

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu.

Allar vélar, tæki, gámar og annað það er starfseminni tilheyrir, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að hvorki sé hætta á foki, óþrifum í umhverfi né óþægindum fyrir nágretta.

Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu.

Rekstraraðili skal lágmarka aðsókn meindýra að athafnasvæðinu með skipulögðum meindýravörnum. Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á starfsstöð.

#### 4. Innra eftirlit starfsstöðvar

---

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Beita skal bestu fánlegu tækni þar sem slíkt hefur verið skilgreint.

Tæknilegar upplýsingar um sand- og olíuskiljur skulu vera aðgengilegar í gögnum fyrirtækisins.

Halda skal skrá yfir olíugeyma starfstöðvar, þ.e. fyrir neyslugeyma til eigin nota sem og annarra geyma, s.s. úrgangsolíugeyma, þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: nafn framleiðanda, staðsetning, olíutegund, númer geymis, byggingarár, líftími sé hann uppgefinn, stærð og smíðastaðall. Að auki skal skrá tegund yfiryllivarnar og tegund lekaviðvörunar ef við á.

Rekstraraðili ber að hafa viðbragðsáætlun, sbr. gr. 5.1., aðgengilega vegna mögulegrar mengunaróhappa í starfseminni.

Rekstraraðili ber að hafa neyðaráætlun, sbr. gr. 6., um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri.

Rekstraraðili skal viðhafa eigið eftirlit með starfseminni sem m.a. er fólgin í skráningu á eftirfarandi:

- Skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti og í samræmi við flokkunarkerfi reglugerðar nr. 1060/2016. Skrá skal tegundir, magn, uppruna, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef við á, vinnsluáðferðir og ráðstöfun úrgangsins.
- Fyrir 1. maí ár hvert skal skila til Umhverfis- og orkustofnunar skýrslu, skv. lið 1 19. gr. laga nr. 55/2003, um þann úrgang sem var meðhöndlaður á undangengnu almanaksári. Afrit skal sent til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.
- Atvik er varða móttöku efna. Skrá skal þau tilvik þar sem vart verður við spilliefni eða hluti sem innihalda spilliefni í förmum umfram það sem búast má við. Meðal annars skal skrá hvers konar efni var um að ræða og til hvaða aðgerða var gripið til að koma efninu til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir spilliefni.
- Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.
- Skrá skal allar kvartanir sem berast rekstraraðila vegna starfseminnar, ástæður kvörtunar, hvaðan kvörtun berst og viðbrögð við kvörtun.
- Halda skal saman kvittunum fyrir spilliefnum sem starfstöðin skilar til viðurkenndrar spilliefnamóttöku, þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefna ásamt dagsetningu skilanna
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Halda skal saman upplýsingum um þjónustu við olíuskilju þ.e. upplýsingar um eftirlit með skiljunni, dagsetningu tæmingar og magn sands og olíusora sem úr henni er tekið.
- Rannsóknaniðurstöður af mælingum á olíu í fráveituvatni frá olíuskilju.
- Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

## 5. Mengunaróhöpp

---

### 5.1. Viðbragðsáætlun

Stafsleyfishafi skal útbúa viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunin skal að lágmarki fela í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlitsins. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi eða aðstæðum á starfsstöð, og yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg starfsmönnum og eftirlitsaðila.

### 5.1. Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.

## 6. Rekstrarstöðvun

---

Neyðaráætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá tækjum, búnaði, húsnæði, rekstrarsvæði, efnun og úrgangi þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Í áætlun skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Neyðaráætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

## 7. Kröfur vegna starfsleyfis / Takmarkanir á starfleyfi

---

Starfsemin er staðsett á reit sem að tilheyrir landnotkunarflokki Athafnasvæði AT301. Skv. skipulagsákvæði fyrir reitinn er heimil snyrtileg athafnastarfsemi með áherslu á góða ásýnd. Gerð er krafa um að böggun og flokkun á úrgangi fari öll fram innanhúss og að úrgangur verði ekki geymdur á lóðinni.

22.maí 2026  
Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

22. maí 2026

Kubbur ehf.  
Kirkjubóli 3  
400 Ísafirði

### **Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir móttökustöð úrgangs og verkstæðisaðstöðu – Nesbraut 10**

Umsókn um starfsleyfis fyrir móttökustöð úrgangs og verkstæðisaðstöðu að Nesbraut 10, barst 9. apríl 2026. Umsækjandi var Kubbur ehf. kt. 660606-1650.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST í 4 vikur. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 19. maí 2026.

HAUST óskaði eftir umsögn frá Fjarðabyggð sem barst 17. apríl sl. Ekki var gerð athugasemd við veiting starfsleyfis. Í umsögn kom fram að starfsemin sé í samræmi við skipulagsáætlanir á svæðinu. Skipulagsfulltrúi lagði áherslu á sett væru skilyrði um hávaða- og lyktarmengun frá starfseminni. Flokkunin fari öll fram innanhúss, úrgangur verði ekki geymdur á lóðinni og öll umgengni um lóðina verði snyrtileg. Einnig verði tryggt að umferð í tengslum við starfsemina hafi ekki áhrif á umferðaröryggi á svæðinu. Í starfsleyfisskilyrðum eru ákvæði um umgengni og hávaða- og lyktarmengun. Sett var inn krafa um að böggun og flokkun á úrgangi fari öll fram innanhúss og að úrgangur verði ekki geymdur á lóðinni.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi var útgefið 22. maí 2026 með gildistíma í 12 ár.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

22. maí 2026

Kubbur ehf.  
Kirkjubóli 3  
400 Ísafirði

### Varðar útgáfu starfsleyfis fyrir móttökustöð úrgangs og verkstæðisaðstöðu

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur gefið út starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir móttökustöð úrgangs og verkstæðisaðstöðu skv. umsókn dags 9. apríl sl. og er starfsleyfið hér meðfylgjandi.

Flokkun starfseminnar, eftirlitstíðni og gjaldtaka samkvæmt gjaldskrá HAUST nr. 13/2026 m.s.br. er sem hér segir.

| ÍSAT NR.   | Heiti atvinnugreinar               | Tíðni eftirlits | Árlegt eftirlitsgjald |
|--|------------------------------------|-----------------|-----------------------|
| 51.57.0.3  | Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 1               | 79.800                |
| 50.20.0.13   | Viðgerðaraðstaða eigin véla        | 0,5             | 76.926                |
| Árlegt eftirlitsgjald er með afslætti vegna samnýtingu ferða |                                    |                 | 105.925 kr.           |

Starfsleyfisgjald er 35.000 kr. samkvæmt áðurnefndri gjaldskrá HAUST. Reikningur í samræmi við það verður sendur á næstunni.

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnsýslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllt,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

## Fylgiskjal 1

# ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

|     |  | Rgl.nr.         | Uppfyllt |
|-----|--|-----------------|----------|
| 1.1 | Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.   | 550/2018        |          |
| 1.2 | Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.  | Lög nr. 46/1980 |          |
| 1.3 | Í starfsleyfi eru skráð sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.   | 550/2018        |          |
| 1.4 | Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.   | 550/2018        |          |
| 1.5 | Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.  | 550/2018        |          |
| 1.6 | Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.                                     | Lög nr. 7/1998  |          |
| 1.7 | Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir. | Lög nr. 55/2012 |          |
| 1.8 | Um hávaða gildir reglugerð nr. 724/2008. Virða skal mörk um hávaða.  | 724/2008        |          |

## 2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

|     |   | Rgl.nr.  | Uppfyllt |
|-----|---|--|----------|
| 2.1 | Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.  | 737/2003<br>16. og 18.<br>gr., sbr. rgl.<br>550/2018 |          |
| 2.2 | Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.  | 737/2003<br>16. og 18.<br>gr., sbr. rgl.<br>550/2018 |          |
| 2.3 | Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.   | 112/2012   |          |
| 2.4 | Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.  | 884/2017   |          |
| 2.5 | Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slysaættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu. | 112/2012<br>og rgl. nr.<br>737/2003                  |          |

## 3. MENGUNARVARNIR

|     |   | Rgl.nr.  | Uppfyllt |
|-----|---|--|----------|
| 3.1 | Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.  | 724/2008   |          |
| 3.2 | Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.  | 724/2008,<br>rgl. nr.<br>550/2018<br>52. gr. og<br>rgl. nr.<br>787/1999<br>5. gr. og<br>9. gr. |          |
| 3.3 | Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslilögum sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. | 798/1999   |          |
| 3.4 | Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.   | 737/2003   |          |

|     |  |                                   |  |
|-----|--|-----------------------------------|--|
| 3.5 | Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.   | 415/2014<br>og lög nr.<br>61/2013 |  |
| 3.6 | Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.                          | 806/1999                          |  |
| 3.7 | Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins  | 970/2013                          |  |
| 3.8 | Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.  | 888/2015<br>og lög nr.<br>61/2003 |  |
| 3.9 | Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári. | 884/2017                          |  |

#### 4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

|     |   | Rgl.nr.            | Uppfyllt |
|-----|---|--------------------|----------|
| 4.1 | Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. | 737/2003           |          |
| 4.2 | Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfissvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.   | 806/1999           |          |
| 4.3 | Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.   | 798/1999<br>5. gr. |          |

|     |   |                                      |  |
|-----|---|--------------------------------------|--|
| 4.4 | Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski. | 806/1999                             |  |
| 4.5 | Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.  | 806/1999                             |  |
| 4.6 | Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.   | 806/1999<br>11. gr.                  |  |
| 4.7 | Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.  | 806/1999<br>og rgl. nr.<br>1040/2016 |  |

## 5. EFTIRLIT

|     |   | Rgl.Nr.                          | Uppfyllt |
|-----|---|----------------------------------|----------|
| 5.1 | Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. | 550/2018<br>og lög nr.<br>7/1998 |          |

### Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

## Starfsskilyrði fyrir bifreiða og vélaverkstæði

*Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.*

*Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn starfsskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.*

### 1. UMGENGI Á LÓÐ

|   | RgLnr.                          |
|---|---------------------------------|
| 1.1 Óheimilt er að geyma lausamuni, s.s. bilflök, bilhluta og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri, valdi fok- eða slyshættu eða hættu á mengun í jarðvegi. | 737/2003<br>941/2002<br>14. gr. |
| 1.2 Bifreiðum, tækjum og öðrum munum sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á.        | 737/2003<br>16. og 18. gr.      |

### 2. FRÁVEITA

|   | RgLnr.                                    |
|---|---|
| 2.1 Hafa skal olíuskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning skilju skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olíuskiljur. Senda skal upplýsingar um olíuskiljur til heilbrigðisnefndar til yfirferðar og samþykkis. Heilbrigðisnefnd getur samþykkt aðra tilhögun en olíuskilju sem hindrar að olía berist í frárennsli. | 798/1999<br>5. gr.<br>884/2017<br>51. gr. |
| 2.2 Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gölfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíuskiljunni. Óheimilt er að nota efni sem innihalda lífræn leysiefni.  | 798/1999<br>5. gr.                        |
| 2.3 Olíuskilja skal skoðuð reglulega og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti. Olíuskilja skal tæmd eftir þörfum og skal láta aðila með leyfi til flutnings spilliefna sjá um tæmingu.   | 798/1999<br>5. gr.<br>884/2017<br>gr. 51. |
| 2.4 Þar sem hætta er á að fljótandi efnavara, olíur eða olíuefni fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar, s.s. blautsugu, olíumottur, tvist, sag eða annan ísogsbúnað.   | 884/2017<br>63. gr.<br>798/1998<br>5. gr. |

|     |   |                                    |
|-----|---|------------------------------------|
| 2.5 | Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíuskilju.  | 798/1999<br>5. gr.<br>884/2017     |
| 2.6 | Staðsetja skal ílát undir olíuefni, þ.m.t. úrgangsolíu, í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandyra. | 43. gr., 50 gr.<br>809/1999 7. gr. |

### 3. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

|     |   | RgLnr.  |
|-----|---|---|
| 3.1 | Olíusíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Pressuðum olíusíum má skila með málmúrgangi.  | 1040/2016<br>og rgl. nr.<br>806/1999  |
| 3.2 | Hjá rekstraraðilum þar sem olíuúrgangur fellur til er skylt að tryggja að hann sé geymdur á viðeigandi hátt og merktur sem úrgangsolía. Úrgangsolíugeymar utandyra skulu vera með lekavörn. Árekstrarvarnir skulu vera við slíka geyma.   | 884/2017<br>809/1999<br>7.gr. rgl.<br>nr.<br>1040/2016<br>806/1999<br>8.gr. |
| 3.3 | Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.  | 1400/2020   |
| 3.4 | Rafgeymar og rafhlöður teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila. Meðhöndlun og öll geymsla, þ.m.t. bráðabirgðageymsla skal fara fram á stöðum með ógegndræpu yfirborði og undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld, í lokuðum og vökvaheldum spilliefnakörum eða í viðeigandi gámum. | 1040/2016<br>og rgl. nr.<br>806/1999<br>rgl. nr.<br>1020/2011               |
| 3.5 | Blý, t.d. í jafnvægislóðum, er spilliefni og skal skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.   | 737/2003<br>og rgl. nr.<br>806/1999   |

#### Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.